



Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbæ • www.hes.is • sími 420 3288

STARFSLEYFI

til að reksturs bensínstöðvar.

Nafn leyfishafa: *N1 ehf*
Starfsstöð: *Hafnargata 15, 240 Grindavík*
Kennitala: *411003-3370*
Skilyrði: *Fyrir bensínstöðvar og almenn skilyrði fyrir mengandi starfssemi.*
Útgáfudagur leyfis: *27.11.2020* Gildir til: *27.11.2032*

Leyfið er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Unnið er samkvæmt viðmiðum reglugerða nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit við útgáfu starfsleyfa. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina gilda.

Breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema að nýr rekstraraðili sæki sérstaklega um annað. Ef starfsemi er hætt skal tilkynna það til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra, ef mengun er meiri en búast mátti við, ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða ef fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna. Um endurskoðun starfsleyfisskilyrða fer samkv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018. Leyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Fyrirtækið skal greiða eftirlits- og starfsleyfisgjöld skv. gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja

J. Trausti Jónsson